

Fréttatilkynning 01-2005
Lúxemborg, 25. febrúar 2005

Bann við áfengisauklýsingum í Noregi

(Mál E-4/04 *Pedidel AS gegn Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytinu*)

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli sem norska Markaðsráðið (Markedsrådet) vísaði til hans og varðar bann við áfengisauklýsingum í Noregi. Í beiðni Markaðsráðsins var meðal annars beðið um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins á því hvort ákvæði EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga og þjónustustarfsemi tækju til vís og hvort almennt bann við áfengisauklýsingum bryti í bága við þessi ákvæði. Málið fyrir Markaðsráðinu má rekja til ársins 2003 þegar vínauglýsingar voru birtar í mat- og vintímaritinu *Vinforum*. Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið í Noregi sektaði tímaritið fyrir brot á almennt banni við áfengisauklýsingum, samkvæmt norskum lögum. Útgefandi tímaritsins véfengdi ákvörðunina og hélt því fram að almennt bann við áfengisauklýsingum bryti í bága við ákvæði EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga og þjónustustarfsemi.

Í úrlausn EFTA-dómstólsins kemur fram að vín, sem telst til landbúnaðarvara, fellur ekki undir ákvæði samningsins um frjálsa vöruflutninga. Þar segir einnig að þjónusta, eins og auglýsingar á víni, sem er svo nátengd viðskiptum með vín að ekki er unnt að greina á milli þjónustunnar og viðskiptanna, falli ekki undir ákvæði samningsins um frelsi til að veita þjónustu.

Á hinn bóginn er það álit dómstólsins að almennt bann við áfengisauklýsingum, sem einnig á við um bjór og brennda drykki, feli í sér höft á frjálsum vöruflutningum og þjónustu samkvæmt EES-rétti þar sem slíkt bann geti hugsanlega heft markaðsaðgang vara frá öðrum EES-löndum meira en innlendra vara. Bannið heftir einnig rétt úgefenda til að selja auglýsendum í öðrum EES-löndum auglýsingarými í blöðum og tímaritum. Þessi höft má þó réttlæta á grundvelli verndunar heilsu manna að því tilskildu að, meðal annars, meðalhófsreglunni sé fylgt.

Í áliti EFTA-dómstólsins segir að Markaðsráðið sé í betri aðstöðu en EFTA-dómstóllinn til að ákvarða hvort almennt bann við áfengisauklýsingum gangi lengra en efni standa til miðað við sett markmið stjórnvalda. Það er ráðsins að meta hvort augljóslega megi ná sömu markmiðum með aðgerðum sem fela í sér minni höft en almennt bann við áfengisauklýsingum gerir.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.